

36. gr.

18

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi né umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum skipverja skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

30. jan.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 þús. króna, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Seyðisfjarðar.

38. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

39. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 21 22. jan. 1941, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að fara í bág við reglugerð þessa.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. janúar 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

19

6. febr.

um ákvörðun fæðishlunninda sjómanna til skatts samkvæmt 14. gr. laga nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

1. gr.

Nú stundar sjómaður atvinnu fjarri heimili sínu og skal þá ekki telja honum til skattskyldra tekna fæðishlunnindi, sem hann kann að hafa hjá atvinnurekanda.

En verði hann hins vegar að sjá sér sjálfur fyrir fæði, skal hann eiga rétt á því, að frá tekjum hans sé dregin hæfilegur fæðiskostnaður áður en skattur sé á þær lagður og skal fæðisfrádrátturinn metinn til gjalda jafnt og fæðishlunnindi til tekna, eins og þau eru metin í því skattumdæmi, þar sem atvinna er stunduð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 128/1947, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. febrúar 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Magnús Gíslason.